

**51. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
19. December 2016 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Þór Þórðarson varamaður, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1511208 - Deilisk. Ægisbrautar - Vallholt 5

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ægisbrautar vegna Vallholts 5. Jafnframt er vísað til gagna sem lögð voru undir lið nr. 5 á 50. fundi skipulags- og umhverfisráðs, 5. des. s.l. þar sem tillöga að breytingu á aðalskipulagi var tekin fyrir vegna sömu lóðar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 m.s.br.

2. 1608021 - Álmskógar 2-4 - umsókn um byggingarleyfi

Fyrirspurn um frávik frá skipulagsskilmálum.

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í að skipulagi verði breytt m.t.t. aukins byggingarmagns. Tryggt verði að hönnun haldist í hendur við almennar gæðakröfur sbr. grein 3.6 í skipulags- og byggingarskilmálum fyrir svæðið.

3. 1611112 - Framboð á lóðum vegna uppbyggingar almennra íbúða

Bókun bæjarráðs frá fundi 24. nóvember s.l.

Lagt fram bréf frá Velferðarráðuneytinu um lög nr. 52/2016 sem tóku gildi 10. júní 2016 um almennar íbúðir, en markmið þeirra er m.a. að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leigu húsnæði.

4. 1610025 - Háteigur 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Sótt er um heimild til að byggja við húsið og reisa bílskúr samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Lóðin er utan deiliskipulagssvæðis.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagsлага nr. 123/201, fyrir eigendum fasteigna við Háteig 1 og 4, Vesturgötu 24, 24B, 26 og Bárugötu 20A.

EJ

5. 1609093 - Fjárfestinga-og framkvæmdaáætlun 2017

Sviðsstjóri fór yfir undirbúning að framkvæmdum fyrir árið 2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Lindur Brandsson
Sleðan þur þarf
Karin Þórssdóttir
Valgerður Þórssdóttir
Krisbjörn Þórgungeisðóttir
Sig. P.H.